

31. gr.

154

6. nóv.

Ekki má skjóta úr naglabyssu:

- a. svo nærri brún í steinsteypu, múrsteinsvegg, járni eða öðru efni, að hætta geti verið á, að skotið hlaupi út.
Minnsta fjarlægð frá brún, þegar skotið er í múr eða stein, má ekki vera undir 75 mm og ekki undir 25 mm þegar skotið er í járn eða aðra deiga málma.
- b. gegnum gat, sem fyrir er í járni eða öðru efni, sem orsakað gæti stefnubreytingu boltans eða naglans, ef þeir lentu skakkt í gatinu.
- c. í stökkt eða hart efni svo sem: steypujárn, yfirborðshert stál, granit, marmara, glerhúðaðan múrstein, kakkelpötur eða gler.
- d. í stað þar sem áður hefur verið skotið bolta eða nagla, sem hefur endurkastast, brotnað eða sýnilega stöðvazt á steini eða slíku.
- e. í húsakynnum, þar sem er eld- eða sprengihætta.

32. gr.

Gæta skal varúðar, þegar skothylki, sem ekki hefur sprungið er tekið úr byssunni, sjá einnig 28. gr.

33. gr.

Naglabyssu skal ávallt halda vel hreinni.

34. gr.

Verði einhverra galla vart í naglabyssu, skal þegar taka hana úr notkun.

35. gr.

Gæta skal þess við notkun naglabyssu, að fylgja nákvæmlega notkunarreglum framleiðandans.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarmálaráðuneytið, 6. nóvember 1956.

Gylfi Þ. Gíslason.

Páll Pálmason.

S A M Þ Y K K T

155

12. nóv.

um hundahald í Suðureyrarkauptúni.

1. gr.

Bannað er hundahald í Suðureyrarkauptúni nema með leyfi hreppsnefndar.

2. gr.

Hreppsnefndin getur veitt leyfi til hundahalds, ef ástæða þykir til og sérstökum skilyrðum er fullnægt, en aldrei mega hundar vera úti að næturlagi, er truflað geti svefna manna og raskað næturró.

3. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum.

155 Samþykkt þessi, sem gerð hefur verið af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, stað-
12. nóv. festist til að öðlast gildi frá 1. desember 1956 að telja.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 12. nóvember 1956.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

156

24. nóv.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild
hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

10. liður í b.-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

10. svæði: a. Hellissandur, 1. janúar—15. maí.

b. Rif, 1. janúar—15. maí.

c. Ólafsvík, 1. janúar—15. maí.

2. gr.

22. liður í d.-lið reglugerðarinnar orðist svo:

22. svæði: Steingrímsfjörður, 15. júlí—31. október.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um
hlutatryggingasjóð bátaútvegsins og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1956.

Lúðvík Jósefsson.

Gunnl. E. Briem.

157

28. nóv.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hauganess og nágrennis. Heimili þess og varnar-
þing er í Árskógshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpínu og nágrenni þess fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem eiga hús á félagssvæðinu, þ. e. á því svæði, sem
skipulagsuppdráttur nær yfir, að vera meðlimir vatnsveitufélagsins, nema til komi
ákvæði 23. gr. 2. töluliðs vatnalaga nr. 15 20 júní 1923, og skal hver húseigandi
greiða um leið og hann gerist félagsmaður, óafturkræft stofngjald til félagsins sem
fylgifé húseignarinnar, að upphæð að minnsta kosti kr. 200.00, enda telst hann eigi
fullgildur félagsmaður, fyrr en sú greiðsla hefur verið af hendi innt. Vilji einhver